Hagtíðindi
Statistical Series

Heilbrigðis- félags- og dómsmál
Health, social affairs, justice

2014:1 • 29. apríl 2014

# Þjónusta sveitarfélaga við fatlað fólk 2011–2012

*Municipal services to persons with disabilities 2011–2012*

*Samantekt*

**Árið 2012 veittu sveitarfélög 4.260 einstaklingum með fötlun þjónustu á 15 þjónustusvæðum og hafði þeim fjölgað um 66 (1,6%) frá árinu áður. Af þeim voru 1.599 börn 17 ára og yngri (37,5%). Drengir voru fleiri en stúlkur í þessum hópi eða rúm 60%, enda voru þeir í miklum meirihluta í þessum aldurshópi (tæp 72%). Í aldurshópnum 18–39 ára voru karlar tæpt 61%, en í aldurshópnum 67 ára og eldri voru konur mun fleiri eða 68%. Þjónustuþegar voru 1,3% landsmanna, 2% barna og 1,1% fólks 67 ára og eldra. Árið 2012 voru 23% þessara einstaklinga í sérstökum búsetuúrræðum, en 45% bjuggu hjá foreldrum.**

**Þegar litið er til fjölda þjónustuþátta og magn þjónustu sem fólk með fötlun 18 ára og eldra fékk árið 2012 kemur fram að 2.300 (89,1%) fengu einn þjónustuþátt eða fleiri. Árið 2011 voru þeir 1.964 (83%). Með þrjá þjónustuþætti eða fleiri voru 763 (29,6%) árið 2012, en 326 (13,8%) árið 2011.**

## Inngangur

*Upplýsingaöflun*

Þjónusta við fatlað fólk samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992, var flutt frá ríki til sveitarfélaga 1. janúar 2011. Allt frá árinu 1987 hefur Hagstofan leitað upplýsinga árlega um félagsþjónustu sveitarfélaga (fjárhagsaðstoð, félagslega heimaþjónustu og dagvistun barna á einkaheimilum). Við flutning málefna fatlaðra til sveitarfélaga hóf Hagstofan upplýsingaöflun hjá þeim um þjónustu þeirra við fólk með fötlun.

Leitað var upplýsinga um alla þætti þessarar þjónustu. Þar er um að ræða upplýsingar um einstaklinga sem skráðir eru á hverju þjónustusvæði, bakgrunnsupplýsingar um þá, búsetu þeirra í desember hvert ár, aðra þjónustuþætti sem taka til alls ársins og upplýsingar um atvinnu og hæfingu í desember.

Niðurstöður þessar byggjast á upplýsingum sveitarfélaganna. Fram kemur nokkur munur í gögnum milli ára sem væntanlega skýrist af lakari skráningu fyrsta árið sem þjónusta er veitt.

## Fjöldi sem fær þjónustu

*Fjöldi fatlaðra með þjónustu*

Árið 2012 fengu 4.260 einstaklingar með fötlun þjónustu á 15 þjónustusvæðum sveitarfélaga, þar af voru 43 einstaklingar sem fluttu milli þjónustusvæða á árinu og fengu þannig þjónustu á tveim svæðum (tafla 12). Þeim sem fengu þjónustu árið 2012 fjölgaði um 66 (1,6%) frá árinu 2011, þegar þeir voru 4.194 allt árið og þar af 36 á tveim þjónustusvæðum.

*Þjónustusvæði*

Þjónustusvæðin eru misstór. Það stærsta árið 2012 var Reykjavík og Seltjarnarnes með 1.704 þjónustuþega eða 40% þjónustuþega, en það minnsta Hornafjörður með 34 þjónustuþega eða 0,8%. Á þjónustusvæðum Reykjavíkur og Seltjarnarness, Hafnarfjarðar, Vesturlands og Eyjafjarðar var hlutfall þjónustuþega hærra en hlutfall íbúa árið 2012.

*Aldurs- og kynskipting*

Tafla 14 sýnir skiptingu eftir kyni, aldri og landsvæðum árin 2011 og 2012. Af þeim 4.260 einstaklingum sem fengu þjónustu árið 2012 voru 1.599 börn 17 ára og yngri (37,5%). Karlar voru fleiri en konur í þessum hópi eða rúm 60%. Það skýrist af því að drengir voru í miklum meirihluta 0–17 ára eða tæp 72% og karlar voru tæpt 61% í aldurshópnum 18-39 ára. Í aldurshópnum 67 ára og eldri voru konur mun fleiri eða 68%. Alls fengu 1,3% landsmanna þjónustu en 2% barna og 1,1% fólks 67 ára og eldra árið 2012.

## Bakgrunnsupplýsingar

Upplýsingar um tegund fötlunar fengust um um tæp 90% þeirra árið 2012. Árið 2012 voru 3.344 (88,4%) þeirra sem upplýsingar fengust um með eina tegund fötlunar en 440 með fleiri tegundir. Meðalfjöldi fatlana sem merkt er við ef um samsetta fötlun er að ræða er 2,2.

*Einhverfa og þroskahömlun algengastar*

Tæp 40% þeirra sem upplýsingar bárust um voru með þroskahömlun og á það við um rúm 30% þeirra sem voru 17 ára og yngri. Rúm 35% voru með einhverfu og á það við tæp 56% þeirra sem voru 17 ára og yngri. Rúmlega 14% bjuggu við hreyfihömlun og rúm 9% við geðröskun/fötlun.

**Tafla 1. Þjónusta við fólk með fötlun eftir tegund fötlunar 2012**
*Table 1. Service to people with disabilities by type of disability 2012*

| | Alls | Aldur *Age* | |
|---|---|---|---|
| | *Total* | 0–17 | 18+ |
| **Fjöldi** ***Number*** | | | |
| **Alls** ***Total*** | **4.260** | **1.599** | **2.661** |
| Hreyfihömlun *Physical disability* | 546 | 136 | 410 |
| Heyrnarskerðing / -leysi *Deaf* | 83 | 47 | 36 |
| Sjónskerðing / blinda *Blind* | 110 | 52 | 58 |
| Þroskahömlun *Intellectual disabilities* | 1.502 | 467 | 1.035 |
| Geðröskun / fötlun *Mental handicap* | 359 | 38 | 321 |
| Einhverfa *Autism* | 1.341 | 865 | 476 |
| Annað *Other* | 370 | 171 | 199 |
| Upplýsingar vantar *Unknown* | 476 | 52 | 424 |
| **Hlutfall** ***Percent*** | | | |
| **Alls** ***Total*** | **100,0** | **100,0** | **100,0** |
| Hreyfihömlun *Physical disability* | 12,8 | 8,5 | 15,4 |
| Heyrnarskerðing / -leysi *Deaf* | 1,9 | 2,9 | 1,4 |
| Sjónskerðing / blinda *Blind* | 2,6 | 3,3 | 2,2 |
| Þroskahömlun *Intellectual disabilities* | 35,3 | 29,2 | 38,9 |
| Geðröskun / fötlun *Mental handicap* | 8,4 | 2,4 | 12,1 |
| Einhverfa *Autism* | 31,5 | 54,1 | 17,9 |
| Annað *Other* | 8,7 | 10,7 | 7,5 |
| Upplýsingar vantar *Unknown* | 11,2 | 3,3 | 15,9 |

*Börn með umönnunarbætur*

Árið 2012 voru 1.325 börn 17 ára og yngri með umönnunarbætur. Það eru tæp 83% fatlaðra barna með þjónustu.

*Fatlaðir með „SIS-mat“*

Í desember 2012 voru 876 (20,9%) fatlaðra sem fengu þjónustu eftir sérstakt mat á stuðningsþörf (svokallað SIS-mat) og 234 (5,6%) á biðlista eftir slíku. Á aldrinum 40 til 66 ára voru 476 (38,2%) með slíkt mat.

**Tafla 2. Fatlaðir með mat á stuðningsþörf eftir aldri 2012**
*Table 2. People with disabilities by age according to SIS assessment 2012*

| | Alls *Total* | Aldur *Age* 0–17 | 18–30 | 40–66 | 67+ |
|---|---|---|---|---|---|
| **Alls *Total*** | **4.195** | **1.588** | **1.128** | **1.247** | **232** |
| Með SIS-mat[1] *With SIS evaluation*[1] | 876 | 12 | 342 | 476 | 46 |
| Á biðlista *On vaiting list* | 234 | 8 | 153 | 73 | – |
| Án *Without* | 3.085 | 1.568 | 633 | 698 | 186 |

1) SIS = mat á stuðningsþörf. *SIS = Support Intensity Scale.*

## Búseta í desember

*Tæpur fjórðungur fatlaðra í sérstökum búsetuúrræðum*

Tafla 13 á bls. 12 sýnir búsetu fólks með fötlun sem fékk þjónustu í desember 2011 og 2012 eftir tegund búsetu og aldri. Árið 2012 var tæpur fjórðungur hópsins eða 983 einstaklingar í sérstökum búsetuúrræðum. Stærsti hluti hópsins eða rúm 45% bjó á heimili foreldra og loks bjuggu rúm 31% í eigin húsnæði eða leiguhúsnæði.

Árið 2012 bjuggu 957 (30,3%) fatlaðra 18 ára og eldri í sérstökum búsetuúrræðum. Af þessum hóp bjuggu 437 (13,9%) í eigin húsnæði, 548 (17,4%) í leiguhúnæði, en upplýsingar um úrræði vantar fyrir 322 (10,2%).

Studd búseta fyrir fatlað fólk telst hvers kyns sambýli, íbúða- og þjónustukjarnar, áfangastaðir, skammtímavistun, vernduð heimili fyrir geðfatlaða o.s.frv. Gjarnan er boðið upp á sameiginlega aðstöðu, s.s. eldunaraðstöðu, setustofur og böð. Oftast er einnig um að ræða sérstaka aðstöðu fyrir starfsfólk sem aðstoðar við athafnir daglegs lífs. Í flestum tilvikum sjá íbúarnir sjálfir, með eða án aðstoðar, um eldun og fæðisöflun. Leitað var eftir upplýsingum frá sveitarfélögum um skiptingu þessarar búsetu í herbergjasambýli, íbúðakjarna eða þjónustukjarna, en ekki bárust nægjanlega góð svör frá þeim um skiptingu í þessa flokka.

## Önnur þjónusta

Leitað var upplýsinga um veitta þjónustu allt árið vegna annarrar þjónustu, en búsetu og atvinnu /hæfingar. Árið 2011 vantar upplýsingar um þessa þjónustu fyrir 474 fatlaða eða 11,2%.

*Veitt félagsráðgjöf*

Félagsráðgjöf var veitt 3.022 (70,2%) einstaklingum með fötlun árið 2012. Þriðjungur fékk sérstaka ráðgjöf vegna fötlunar.

**Tafla 3. Ráðgjöf við fatlað fólk eftir aldri 2012**
*Table 3. People with disabilities receiving counselling by age 2012*

| | Alls | Aldur *Age* | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | *Total* | 0–17 | 18–39 | 40–66 | 67+ |
| **Alls** ***Total*** | **2.824** | **1.173** | **782** | **869** | **12** |
| Almenn félagsráðgjöf | | | | | |
| *General counseling* | 1.837 | 675 | 514 | 648 | 12 |
| Sérstök ráðgjöf v. fötlunar | | | | | |
| *Special counseling for disabled* | 987 | 498 | 268 | 221 | – |
| Hlutfall *Percent* | 65,6 | 72,6 | 67,8 | 67,7 | 4,8 |

*Samningar um þjónustu og einstaklingsbundnar þjónustuáætlanir*

Í reglugerð um „þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu“ (nr. 1045/2010) er fjallað um félagslega þjónustu og sérstakan stuðning við fatlað fólk sem hefur þörf fyrir slíka þjónustu. Þar er m.a. fjallað annars vegar um samninga um þjónustu (sérstakan stuðning) og hins vegar um einstaklingsbundna þjónustuáætlun. Árið 2012 voru slíkir samningar og/eða áætlanir gerðar við 439 (10,2%) fólks með fötlun. Þar af voru samningar um þjónustu við 216 (5,0%) og einstaklingsbundnar þjónustuáætlanir við 287 (6,7%). Af þessum var í 64 tilvikum (1,5%) um hvorttveggja að ræða.

**Tafla 4. Samningar um þjónustu við fatlaða eftir aldri 2012**
*Table 4. Personal service agreement with disabled people by age 2012*

| | Alls | Aldur *Age* | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | *Total* | 0–17 | 18–39 | 40–66 | 67+ |
| **Alls** ***Total*** | **439** | **72** | **152** | **203** | **12** |
| Með samning um þjónustu | | | | | |
| *With personal service agreement* | 152 | 66 | 42 | 43 | 1 |
| Með einstaklingsbundna þjónustuáætlun | | | | | |
| *With individual service plan* | 223 | 6 | 80 | 129 | 8 |
| Með hvorttveggja *With both* | 64 | – | 30 | 31 | 3 |
| Hlutfall *Percent* | 10,2 | 4,5 | 6,2 | 81,2 | 4,8 |

*Félagsleg heimaþjónusta*

Félagsleg heimaþjónusta var veitt 670 (15,6%) heimilum fólks með fötlun árið 2012. Um 46% heimila 67 ára og eldri nutu slíkrar þjónustu. Meðalfjöldi vinnustunda á heimili voru 135,7 eða tæpar 3 stundir að jafnaði á viku.

**Tafla 5. Heimaþjónusta við fatlað fólk 2011–2012**
*Table 5. Home-help services for the disabled 2011–2012*

| | Alls *Total* | Meðalfjöldi vinnustunda á heimili *Average number of working hours per household* | Hlutfall *Percent* |
|---|---|---|---|
| **2011**[1] | | | |
| **Alls *Total*** | **903** | **107** | **24,0** |
| 0–17 ára *years* | 22 | 155 | 1,7 |
| 18–39 ára *years* | 168 | 120 | 19,0 |
| 40–66 ára *years* | 463 | 99 | 38,9 |
| 67+ | 250 | 108 | 66,1 |
| **2012** | | | |
| **Alls *Total*** | **670** | **136** | **15,6** |
| 0–17 ára *years* | 22 | 106 | 1,4 |
| 18–39 ára *years* | 151 | 142 | 13,1 |
| 40–66 ára *years* | 382 | 123 | 29,8 |
| 67+ | 115 | 141 | 46,0 |

1) Fyrir árið 2011 ná upplýsingar yfir 3.756 einstaklinga, upplýsingar vantar um 474. *In the year 2011 information on 3.756 individuals, 474 are missing.*

*Félagsleg liðveisla*

Liðveisla er persónulegur stuðningur og aðstoð sem einkum miðar að því að rjúfa félagslega einangrun, t.d. aðstoð til að njóta menningar og félagslífs. Félagsleg liðveisla var veitt 1.046 (24,3%) einstaklingum með fötlun árið 2012. Rúm 29% barna með fötlun nutu félagslegrar liðveislu og tæp 23% 18 til 66 ára. Meðalfjöldi stunda á einstakling á árinu var tæplega 130.

**Tafla 6. Félagsleg liðveisla fyrir fatlað fólk 2011–2012**
*Table 6. Personal assistance to the disabled 2011–2012*

| | Alls *Total* | Meðalfjöldi stunda á einstakling *Average number of hours per person* | Hlutfall *Percent* |
|---|---|---|---|
| **2011**[1] | | | |
| **Alls *Total*** | **1.124** | **122** | **29,9** |
| 0–17 ára *years* | 477 | 119 | 36,6 |
| 18–39 ára *years* | 319 | 128 | 36,1 |
| 40–66 ára *years* | 295 | 109 | 24,8 |
| 67+ | 33 | 225 | 8,7 |
| **2012** | | | |
| **Alls *Total*** | **1.046** | **128** | **24,3** |
| 0–17 ára *years* | 471 | 121 | 29,1 |
| 18–39 ára *years* | 301 | 135 | 26,1 |
| 40–66 ára *years* | 252 | 129 | 19,6 |
| 67+ | 22 | 143 | 8,8 |

1) Fyrir árið 2011 ná upplýsingar yfir 3.756 einstaklinga, upplýsingar vantar um 474. *In the year 2011 information on 3.756 individuals, 474 are missing.*

*Frekari liðveisla*

Í sérstökum tilvikum er einstaklingum veitt frekari liðveisla en hún felur í sér margháttaða aðstoð við athafnir daglegs lífs. Frekari liðveisla var veitt 426 (9,9%) einstaklingum með fötlun árið 2012. Um 16% 18 til 66 ára fengu slíkra þjónustu.

Meðalfjöldi stunda frekari liðveislu á einstakling árið 2012 var rúmar 686 en árið 2011 var meðalfjöldi stunda rúmar 376.

**Tafla 7. Frekari liðveisla við fatlað fólk 2011–2012**
*Table 7. Further personal services to the disabled 2011–2012*

| | Alls *Total* | Meðalfjöldi stunda á einstakling *Average number of hours per person* | Hlutfall *Percent* |
|---|---|---|---|
| **2011**[1] | | | |
| **Alls *Total*** | **351** | **376** | **9,3** |
| 0–17 ára *years* | 22 | 507 | 1,7 |
| 18–39 ára *years* | 129 | 372 | 14,6 |
| 40–66 ára *years* | 185 | 366 | 15,5 |
| 67+ | 15 | 342 | 4,0 |
| **2012** | | | |
| **Alls *Total*** | 426 | 686 | 9,9 |
| 0–17 ára *years* | 13 | 697 | 0,8 |
| 18–39 ára *years* | 168 | 659 | 14,6 |
| 40–66 ára *years* | 221 | 689 | 17,2 |
| 67+ | 24 | 845 | 9,6 |

1) Fyrir árið 2011 ná upplýsingar yfir 3.756 einstaklinga, upplýsingar vantar um 474. *In the year 2011 information on 3.756 individuals, 474 are missing.*

*Dvöl í skammtímavistun*

Árið 2012 dvöldu 375 (8,7%) einstaklingar með fötlun í skammtímavistun. Þar af voru 240 (14,9%) börn 17 ára eða yngri. Meðalfjöldi dvalarsólarhringa í skammtímavistun var rúmir 77 sólarhringar.

**Tafla 8. Skammtímavistun fatlaðra 2011–2012**
*Table 8. Short term stay from home 2011–2012*

| | Alls *Total* | Meðalfjöldi dvalarsólarhringa á einstakling *Average number of caredays per person* | Hlutfall *Percent* |
|---|---|---|---|
| **2011**[1] | | | |
| **Alls *Total*** | **322** | **60** | **8,6** |
| 0–17 ára *years* | 220 | 55 | 16,9 |
| 18+ | 102 | 71 | 4,2 |
| **2012** | | | |
| **Alls *Total*** | **375** | **77** | **8,7** |
| 0–17 ára *years* | 240 | 78 | 14,9 |
| 18+ | 135 | 76 | 5,0 |

1) Fyrir árið 2011 ná upplýsingar yfir 3.756 einstaklinga, upplýsingar vantar um 474. *In the year 2011 information on 3.756 individuals, 474 are missing.*

*Dvöl hjá stuðningsfjölskyldum*

Árið 2012 dvöldust 580 (13,5%) einstaklingar með fötlun hjá stuðningsfjölskyldum. Þar af voru 530 (32,8%) börn 17 ára eða yngri. Meðalfjöldi dvalarsólarhringa hjá stuðningsfjölskyldum var 26 sólarhringar.

**Tafla 9. Dvöl fatlaðra hjá stuðningsfjölskyldum 2011–2012**
*Table 9. Temporary stay of the disabled with supportive families 2011–2012*

| | Alls *Total* | Meðalfjöldi dvalarsólarhringa á einstakling *Average number of caredays per person* | Hlutfall *Percent* |
|---|---|---|---|
| **2011**[1] | | | |
| **Alls *Total*** | **538** | **25** | **14,3** |
| 0–17 ára *years* | 491 | 25 | 37,7 |
| 18+ | 47 | 26 | 1,9 |
| **2012** | | | |
| **Alls *Total*** | **580** | **26** | **13,5** |
| 0–17 ára *years* | 530 | 25 | 32,8 |
| 18+ | 50 | 34 | 1,9 |

1) Fyrir árið 2011 ná upplýsingar yfir 3.756 einstaklinga, upplýsingar vantar um 474. *In the year 2011 information on 3.756 individuals, 474 are missing.*

*Matarsendingar*

Árið 2012 fengu 128 (4,8%) einstaklingar með fötlun 18 ára og eldri matarsendingar. Meðalfjöldi sendinga á viku voru 3,5.

**Tafla 10. Matarsendingar til fatlaðra 2011–2012**
*Table 10. Food delivery to the disabled 2011–2012*

| | Alls *Total* | Meðalfjöldi sendinga á viku *Average number of deliveries per week* | Hlutfall *Percent* |
|---|---|---|---|
| **2011** | | | |
| **Alls *Total*** | **232** | **4** | **8,4** |
| 18–39 ára *years* | 16 | 4 | 1,5 |
| 40–66 ára *years* | 111 | 4 | 8,6 |
| 67+ | 105 | 3 | 26,9 |
| **2012** | | | |
| **Alls *Total*** | **128** | **4** | **4,8** |
| 18–39 ára *years* | 12 | 4 | 1,0 |
| 40–66 ára *years* | 96 | 4 | 7,5 |
| 67+ | 20 | 3 | 8,0 |

*Ferðaþjónusta*

Árið 2012 fengu 1.674 (38,9%) einstaklingar með fötlun ferðaþjónustu. Það á við um 1.466 einstaklinga 18 ára og eldri eða rúmlega 66% þeirra.

**Tafla 11. Ferðaþjónusta við fatlaða eftir aldri 2011–2012**
*Table 11. Transport service to the disabled by age 2011–2012*

| | Alls *Total* | Hlutfall *Percent* |
|---|---|---|
| **2011** | | |
| **Alls *Total*** | **1.505** | **35,6** |
| 0–17 ára *years* | 260 | 17,6 |
| 18–39 ára *years* | 375 | 35,0 |
| 40–66 ára *years* | 646 | 49,9 |
| 67+ | 224 | 57,4 |
| **2012** | | |
| **Alls *Total*** | **1.674** | **38,9** |
| 0–17 ára *years* | 292 | 18,1 |
| 18–39 ára *years* | 448 | 38,8 |
| 40–66 ára *years* | 726 | 56,6 |
| 67+ | 208 | 83,2 |

*Samþætting þjónustuþátta*

Í töflu 15 koma fram upplýsingar um fjölda þjónustuþátta og magn þjónustu sem fólk með fötlun 18 ára og eldra fékk árin 2011 og 2012. Árið 2012 fengu 2.300 (89,1%) einn þjónustuþátt eða fleiri árið 2011 voru þeir 1.964 (83%). Með þrjá þjónustuþætti eða fleiri voru 763 (29,6%) árið 2012, en árið 2011 voru þeir 326 (13,8%). Ljóst er af töflunni að þjónusta bæði hvað varðar fjölda viðtakenda og magn hefur vaxið töluvert milli áranna 2011 og 2012.

## Atvinna, nám og virkni

*Atvinna nám og virkni*

Leitað var upplýsinga um nám, hæfingu og iðju og atvinnuþátttöku í desember. Töluvert vantaði upp á upplýsingar um þessa liði frá þjónustusvæðunum. Upplýsingar um skólagöngu fatlaðra fengust aðeins frá minni þjónustusvæðum bæði árin og er þeim því sleppt hér.

Upplýsingar um atvinnu og virkni bárust ekki frá Reykjavík[1] og Hafnarfirði árið 2011 og ekki frá Reykjavík 2012. Upplýsingar um þessi atriði vegna ársins 2011 tóku þannig til 1.164 (43,5%) einstaklinga með fötlun 18 ára og eldra og vegna ársins 2011 tóku upplýsingar til 1.495 (57,3%) einstaklinga með fötlun 18 ára og eldra.

Tafla 16 sýnir fatlað fólk 18 ára og eldra, sem upplýsingar voru tiltækar um, sem var í hæfingu/iðju, á vernduðum vinnustöðum og í atvinnu á almennum markaði með eða án stuðnings í desember 2011 og 2012 eftir þjónustusvæðum.

[1] Í athugasemdum frá Reykjavík segir að þessi atriði séu ekki skráð hjá þeim en vísað á Vinnumálastofnun.

## English summary

A total of 4,260 persons with disabilities received services from 15 municipal service areas in 2012, an increase of 66 (1.6%) from the year before. Of these were 1,599 children 17 years old or younger (37.5%), more males than females or 60%, but boys were a majority of 0–17 years old or nearly 72%. In the age group 18–39 years males were nearly 61%. On the other hand in the age group 67 years and older females were 68%. People receiving services were 1.3% of the population, 2% of all children and 1.1% of the population 67 years or older. In the year 2012, 983 individuals with disabilities lived in collective living quarters, a little more than 23% and 1,905 lived with parents, around 45%.

Considering the number of service items and quantity of service that persons with disabilities, 18 years or older, received in the year 2012 shows that 2,300 (89.1%) received one or more service item. In the year 2011 they were 1,961 (83%). A total of 763 individuals (29.6%) received three or more service items were in 2012 but 326 (13.8%) in 2011.

**Tafla 12. Þjónusta við fatlað fólk eftir þjónustusvæðum 2011–2012**
*Table 12. Service to people with disabilities by municipal service areas 2011–2012*

| | | Tvítaldir *Double-counted* | |
|---|---|---|---|
| | Fjöldi *Number* | Á öðru svæði í desember *In other area in December* | Á svæðinu í desember *In the area in December* |
| **2011** | | | |
| **Alls** ***Total*** | **4.230** | **36** | **36** |
| 1 Mosfellsbær og Kjósarhreppur | 114 | 3 | 2 |
| 2 Garðabær og Álftanes | 151 | 0 | 0 |
| 3 Reykjavík og Seltjarnarnes | 1.766 | 14 | 11 |
| 4 Kópavogur | 219 | 2 | 4 |
| 5 Hafnarfjörður | 474 | 6 | 5 |
| 6 Suðurnes | 178 | 2 | 0 |
| 7 Vesturland | 204 | 0 | 2 |
| 8 Vestfirðir | 82 | 2 | 2 |
| 9 Norðurland vestra, Fjallabyggð og Dalvíkurbyggð | 153 | 1 | 2 |
| 10 Eyjafjörður | 374 | 1 | 2 |
| 11 Norðausturland | 56 | 1 | 1 |
| 12 Austurland | 135 | 2 | 0 |
| 13 Hornafjörður | 29 | 0 | 0 |
| 14 Suðurland | 230 | 2 | 3 |
| 15 Vestmannaeyjar | 65 | 0 | 2 |
| **2012** | | | |
| **Alls** ***Total*** | **4.303** | **43** | **43** |
| 1 Mosfellsbær og Kjósarhreppur | 116 | 0 | 1 |
| 2 Garðabær og Álftanes | 155 | 1 | 1 |
| 3 Reykjavík og Seltjarnarnes | 1.724 | 20 | 4 |
| 4 Kópavogur | 240 | 4 | 6 |
| 5 Hafnarfjörður | 383 | 3 | 6 |
| 6 Suðurnes | 245 | 1 | 4 |
| 7 Vesturland | 220 | 2 | 7 |
| 8 Vestfirðir | 97 | 3 | 0 |
| 9 Norðurland vestra, Fjallabyggð og Dalvíkurbyggð | 145 | 0 | 1 |
| 10 Eyjafjörður | 454 | 1 | 4 |
| 11 Norðausturland | 61 | 1 | 0 |
| 12 Austurland | 134 | 0 | 4 |
| 13 Hornafjörður | 34 | 2 | 1 |
| 14 Suðurland | 238 | 4 | 4 |
| 15 Vestmannaeyjar | 57 | 1 | 0 |

1) Ef á tveim svæðum, þá hér taldir á því svæði sem þeir eru á í desember. *If in two areas here counted in the are they are in December.*

| Alls án tvítalningar[1] *Total without double-counting[1]* | Hlutfall *Percent* Þjónustuþegar *Receivers* | Íbúar *Inhabitants* | Ekki á svæði í desember *Not in area in December* Í útlöndum *Living abroad* | Látnir á árinu *Died* | Alls á svæðinu í desember *Total in area in December* |
|---|---|---|---|---|---|
| **4.194** | **100,0** | **100,0** | **6** | **60** | **4.128** |
| 111 | 2,6 | 2,8 | 0 | 0 | 111 |
| 151 | 3,6 | 4,3 | 1 | 2 | 148 |
| 1.752 | 41,8 | 38,5 | 2 | 36 | 1.714 |
| 217 | 5,2 | 9,8 | 0 | 3 | 214 |
| 468 | 11,2 | 8,3 | 2 | 7 | 459 |
| 176 | 4,2 | 6,6 | 1 | 0 | 175 |
| 204 | 4,9 | 4,8 | 0 | 2 | 202 |
| 80 | 1,9 | 2,2 | 0 | 1 | 79 |
| 152 | 3,6 | 3,5 | 0 | 2 | 150 |
| 373 | 8,9 | 6,3 | 0 | 4 | 369 |
| 55 | 1,3 | 1,5 | 0 | 0 | 55 |
| 133 | 3,2 | 3,2 | 0 | 2 | 131 |
| 29 | 0,7 | 0,7 | 0 | 0 | 29 |
| 228 | 5,4 | 6,1 | 0 | 0 | 228 |
| 65 | 1,5 | 1,3 | 0 | 1 | 64 |
| | | | | | |
| **4.260** | **100,0** | **100,0** | **17** | **48** | **4.195** |
| 116 | 2,7 | 2,9 | 1 | 0 | 115 |
| 154 | 3,6 | 4,3 | 5 | 2 | 147 |
| 1.704 | 40,0 | 38,6 | 6 | 34 | 1.664 |
| 236 | 5,5 | 9,9 | 0 | 1 | 235 |
| 380 | 8,9 | 8,3 | 0 | 0 | 380 |
| 244 | 5,7 | 6,6 | 1 | 1 | 242 |
| 218 | 5,1 | 4,8 | 2 | 0 | 216 |
| 94 | 2,2 | 2,2 | 0 | 2 | 92 |
| 145 | 3,4 | 3,5 | 0 | 2 | 143 |
| 453 | 10,6 | 6,3 | 2 | 3 | 448 |
| 60 | 1,4 | 1,5 | 0 | 0 | 60 |
| 134 | 3,1 | 3,2 | 0 | 2 | 132 |
| 32 | 0,8 | 0,7 | 0 | 0 | 32 |
| 234 | 5,5 | 6,1 | 0 | 1 | 233 |
| 56 | 1,3 | 1,3 | 0 | 0 | 56 |

**Tafla 13. Þjónusta við fatlaða eftir tegund búsetu og aldri 2011–2012**
*Table 13. Service to disabled people by age and type of residence 2011–2012*

| | Alls | Aldur *Age* | | | | Hlutfall |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Total* | 0–17 | 18–39 | 40–66 | 67+ | *Percent* |
| **2011** | | | | | | |
| **Alls** ***Total*** | **4.128** | **1.454** | **1.052** | **1.259** | **363** | **100,0** |
| Sérstök búsetuúrræði *Collective living quarters* | 998 | 10 | 305 | 539 | 144 | 24,2 |
| Studd búseta fatlaðra *Assisted living facilities for disabled* | 856 | 9 | 302 | 502 | 43 | 20,7 |
| Studd búseta aldraðra *Assisted living facilities for elderly* | 36 | – | – | 8 | 28 | 0,9 |
| Athvörf fyrir heimilislausa *Assisted living facilities for homeless* | – | – | – | – | – | 0,0 |
| Öldrunarstofnun *Retirement homes for elderly* | 95 | – | 1 | 21 | 73 | 2,3 |
| Heilbrigðisstofnun *Health institutions* | 11 | 1 | 2 | 8 | – | 0,3 |
| Býr hjá foreldrum *Lives with parents* | 1.805 | 1.444 | 342 | 19 | – | 43,7 |
| Tegund húsnæðis *Type of ownership* | 1.325 | – | 405 | 701 | 219 | 32,1 |
| Eigið húsnæði *Owner occupied dwelling* | 443 | – | 59 | 246 | 138 | 10,7 |
| Leiguhúsnæði *Rented dwelling* | 513 | – | 178 | 293 | 42 | 12,4 |
| á almennum markaði *general market* | 97 | – | 58 | 37 | 2 | 2,3 |
| sveitarfélaga *municipal ownership* | 198 | – | 68 | 110 | 20 | 4,8 |
| félagasamtaka *other social housing* | 218 | – | 52 | 146 | 20 | 5,3 |
| Húsnæðiseign óþekkt *Unknown ownership* | 369 | – | 168 | 162 | 39 | 8,9 |
| **2012** | | | | | | |
| **Alls** ***Total*** | **4.195** | **1.588** | **1.364** | **1.533** | **258** | **100,0** |
| Sérstök búsetuúrræði *Collective living quarters* | 983 | 26 | 316 | 546 | 95 | 23,4 |
| Studd búseta fatlaðra *Assisted living facilities for disabled* | 913 | 26 | 307 | 514 | 66 | 21,8 |
| Studd búseta aldraðra *Assisted living facilities for elderly* | 15 | – | – | 7 | 8 | 0,4 |
| Athvörf fyrir heimilislausa *Assisted living facilities for homeless* | 1 | – | – | 1 | – | 0,0 |
| Öldrunarstofnun *Retirement homes for elderly* | 46 | – | 4 | 21 | 21 | 1,1 |
| Heilbrigðisstofnun *Health institutions* | 8 | – | 5 | 3 | – | 0,2 |
| Býr hjá foreldrum *Lives with parents* | 1.905 | 1.562 | 342 | 1 | – | 45,4 |
| Tegund húsnæðis *Type of ownership* | 1.307 | – | 706 | 986 | 163 | 31,2 |
| Eigið húsnæði *Owner occupied dwelling* | 437 | – | 66 | 287 | 84 | 10,4 |
| Leiguhúsnæði *Rented dwelling* | 548 | – | 236 | 286 | 26 | 13,1 |
| á almennum markaði *general market* | 127 | – | 76 | 48 | 3 | 3,0 |
| sveitarfélaga *municipal ownership* | 247 | – | 101 | 136 | 10 | 5,9 |
| félagasamtaka *other social housing* | 174 | – | 59 | 102 | 13 | 4,1 |
| Húsnæðiseign óþekkt *Unknown ownership* | 322 | – | 168 | 127 | 27 | 7,7 |

**Tafla 14. Þjónusta við fatlað fólk eftir þjónustusvæðum, kyni og aldri 2011–2012**
*Table 14. Services to the disabled by service areas, sex and age 2011–2012*

| Fjöldi *Number* | Alls *Total* | Höfuðborgarsvæði *Capital region* Alls *Total* | Reykjavík, Seltjarnarnes | Annað *Other* | Önnur svæði *Other regions* | Hlutfall af mannfjölda *Percent of inhabitants* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **2011** | | | | | | |
| **Alls** ***Total*** | **4.194** | **2.699** | **1.752** | **947** | **1.495** | **1,3** |
| 0–17 ára *years* | 1.461 | 843 | 496 | 347 | 618 | 1,8 |
| 18–39 ára *years* | 1.059 | 654 | 337 | 317 | 405 | 1,1 |
| 40–66 ára *years* | 1.284 | 851 | 602 | 249 | 433 | 1,2 |
| 67+ | 390 | 351 | 317 | 34 | 39 | 1,1 |
| **Karlar** ***Males*** | **2.454** | **1.505** | **925** | **580** | **949** | **1,5** |
| 0–17 ára *years* | 1.024 | 580 | 347 | 233 | 444 | 2,5 |
| 18–39 ára *years* | 649 | 397 | 193 | 204 | 252 | 1,3 |
| 40–66 ára *years* | 671 | 434 | 310 | 124 | 237 | 1,3 |
| 67+ | 110 | 94 | 75 | 19 | 16 | 0,7 |
| **Konur** ***Females*** | **1.740** | **1.194** | **827** | **367** | **546** | **1,1** |
| 0–17 ára *years* | 437 | 263 | 149 | 114 | 174 | 1,1 |
| 18–39 ára *years* | 410 | 257 | 144 | 113 | 153 | 0,8 |
| 40–66 ára *years* | 613 | 417 | 292 | 125 | 196 | 1,2 |
| 67+ | 280 | 257 | 242 | 15 | 23 | 1,5 |
| **2012** | | | | | | |
| **Alls** ***Total*** | 4.260 | 2.590 | 1.704 | 886 | 1.670 | 1,3 |
| 0–17 ára *years* | 1.599 | 937 | 557 | 380 | 662 | 2,0 |
| 18–39 ára *years* | 1.136 | 667 | 405 | 262 | 469 | 1,1 |
| 40–66 ára *years* | 1.275 | 786 | 563 | 223 | 489 | 1,2 |
| 67+ | 250 | 200 | 179 | 21 | 50 | 1,1 |
| **Karlar** ***Males*** | **2.579** | **1.525** | **976** | **549** | **1.054** | **1,5** |
| 0–17 ára *years* | 1.148 | 666 | 399 | 267 | 482 | 2,5 |
| 18–39 ára *years* | 688 | 406 | 248 | 158 | 282 | 1,3 |
| 40–66 ára *years* | 663 | 397 | 285 | 112 | 266 | 1,3 |
| 67+ | 80 | 56 | 44 | 12 | 24 | 0,7 |
| **Konur** ***Females*** | **1.681** | **1.065** | **728** | **337** | **616** | **1,1** |
| 0–17 ára *years* | 451 | 271 | 158 | 113 | 180 | 1,1 |
| 18–39 ára *years* | 448 | 261 | 157 | 104 | 187 | 0,8 |
| 40–66 ára *years* | 612 | 389 | 278 | 111 | 223 | 1,2 |
| 67+ | 170 | 144 | 135 | 9 | 26 | 1,4 |

**Tafla 15. Þjónusta við fatlaða eftir fjölda þjónustuþátta og magni 2011–2012**
*Table 15. Number of service items and quantity of service to the disabled 2011–2012*

| | Alls *Total* | Félagsleg heima-þjónusta *Home-help services* | Félagsleg liðveisla *Personal assistance services* | Frekari liðveisla *Further personal assistance services* | Skamm-tímavistun *Short-term stay from home* | Stuðnings-fjölskyldur *Temporary stay with supportive families* | Matar-sendingar *Food delivery* | Ferða-þjónusta *Transport services* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **2011** | | | | | | | | |
| **Fjöldi *Number*** | **2.365** | · | · | · | · | · | · | · |
| 1 eða fleiri þættir *1 or more item* | 1.964 | 848 | 625 | 320 | 96 | 44 | 223 | 1.190 |
| % | 83,0 | 43,2 | 31,8 | 16,3 | 4,9 | 2,2 | 11,4 | 60,6 |
| Magn þjónustu *Quantity of service* | | 107,6 | 124,4 | 370,7 | 72,3 | 26,1 | 3,9 | · |
| 2 eða fleiri þættir *2 or more items* | 937 | 657 | 486 | 266 | 83 | 38 | 195 | 594 |
| % | 39,6 | 70,1 | 51,9 | 28,4 | 8,9 | 4,1 | 20,8 | 63,4 |
| Magn þjónustu *Quantity of service* | | 113,5 | 123,9 | 408,8 | 72,4 | 26,8 | 3,8 | · |
| 3 eða fleiri þættir *3 or more items* | 326 | 266 | 248 | 155 | 48 | 26 | 102 | 252 |
| % | 13,8 | 81,6 | 76,1 | 47,5 | 14,7 | 8,0 | 31,3 | 77,3 |
| Magn þjónustu *Quantity of service* | | 146,7 | 135,9 | 523,9 | 71,0 | 26,5 | 3,8 | · |
| 4 eða fleiri þættir *4 or more items* | 102 | 89 | 100 | 73 | 18 | 16 | 37 | 92 |
| % | 4,3 | 87,3 | 98,0 | 71,6 | 17,6 | 15,7 | 36,3 | 90,2 |
| Magn þjónustu *Quantity of service* | | 191,6 | 153,1 | 517,0 | 76,3 | 25,9 | 4,2 | · |
| 5 eða fleiri þættir *5 or more items* | 16 | 16 | 16 | 16 | 3 | 1 | 13 | 16 |
| % | 0,7 | 100,0 | 100,0 | 100,0 | 18,8 | 6,3 | 81,3 | 100,0 |
| Magn þjónustu *Quantity of service* | | 260,5 | 208,3 | 734,2 | 168,3 | 24,0 | 5,3 | · |
| **2012** | | | | | | | | |
| **Fjöldi *Number*** | **2.581** | · | · | · | · | · | · | · |
| 1 eða fleiri þættir *1 or more item* | 2.300 | 650 | 560 | 403 | 130 | 50 | 122 | 1.323 |
| % | 89,1 | 28,3 | 24,3 | 17,5 | 5,7 | 2,2 | 5,3 | 57,5 |
| Magn þjónustu *Quantity of service* | | 126,4 | 134,1 | 687,2 | 76,9 | 33,9 | 3,6 | · |
| 2 eða fleiri þættir *2 or more items* | 1.480 | 617 | 516 | 374 | 126 | 49 | 120 | 1.043 |
| % | 57,3 | 41,7 | 34,9 | 25,3 | 8,5 | 3,3 | 8,1 | 70,5 |
| Magn þjónustu *Quantity of service* | | 127,2 | 135,6 | 689,4 | 74,3 | 33,8 | 3,6 | · |
| 3 eða fleiri þættir *3 or more items* | 763 | 541 | 402 | 266 | 105 | 31 | 112 | 582 |
| % | 29,6 | 70,9 | 52,7 | 34,9 | 13,8 | 4,1 | 14,7 | 76,3 |
| Magn þjónustu *Quantity of service* | | 129,4 | 143,2 | 843,7 | 78,5 | 36,9 | 3,6 | · |
| 4 eða fleiri þættir *4 or more items* | 327 | 256 | 240 | 185 | 68 | 25 | 90 | 273 |
| % | 12,7 | 78,3 | 73,4 | 56,6 | 20,8 | 7,6 | 27,5 | 83,5 |
| Magn þjónustu *Quantity of service* | | 180,4 | 163,4 | 921,9 | 80,8 | 36,7 | 3,6 | · |
| 5 eða fleiri þættir *5 or more items* | 118 | 104 | 111 | 98 | 24 | 15 | 36 | 110 |
| % | 4,6 | 88,1 | 94,1 | 83,1 | 20,3 | 12,7 | 30,5 | 93,2 |
| Magn þjónustu *Quantity of service* | | 234,0 | 199,4 | 669,1 | 73,0 | 41,0 | 4,2 | · |

**Skýringar** *Notes*: Með magni þjónstu er átt við meðalfjölda stunda, meðalfjölda sólarhringa og fjölda matarsendinga á viku. *Quantity of service means average number of hours, average number of days and number of food deliveries per week.*

**Tafla 16. Fólk með fötlun í þjálfun eða atvinnu eftir þjónustusvæðum 2011–2012**

*Table 16. People with disabilities receiving training and labour related services or in employment by service areas 2011–2012*

| | Fjöldi, upplýsingar um *Total, with information* | Í hæfingu/iðju *In training/activity* | | Á vernduðum vinnustað *In sheltered workplace* | | Í atvinnu án stuðnings *In employment without support* | | Í atvinnu með stuðning *In employment with support* | | Alls *Total* | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Fjöldi *Number* | % | Fjöldi *Number* | % | Fjöldi *Number* | % | Fjöldi *Number* | % | Fjöldi *Number* | % |
| **2011** | | | | | | | | | | | |
| 01 | 83 | 36 | 43,4 | 11 | 13,3 | 7 | 8,4 | 3 | 3,6 | 57 | 68,7 |
| 02 | 71 | 22 | 31,0 | 3 | 4,2 | 1 | 1,4 | 3 | 4,2 | 29 | 40,8 |
| 03 | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| 04 | 142 | 29 | 20,4 | 13 | 9,2 | 6 | 4,2 | 6 | 4,2 | 54 | 38,0 |
| 05 | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| 06 | 73 | 25 | 34,2 | 4 | 5,5 | 16 | 21,9 | 3 | 4,1 | 48 | 65,8 |
| 07 | 96 | 20 | 20,8 | 20 | 20,8 | 16 | 16,7 | 6 | 6,3 | 62 | 64,6 |
| 08 | 43 | 10 | 23,3 | 1 | 2,3 | 1 | 2,3 | 4 | 9,3 | 16 | 37,2 |
| 09 | 98 | 40 | 40,8 | 0 | 0,0 | 15 | 15,3 | 8 | 8,2 | 63 | 64,3 |
| 10 | 235 | 52 | 22,1 | 76 | 32,3 | 58 | 24,7 | 0 | 0,0 | 186 | 79,1 |
| 11 | 30 | 6 | 20,0 | 0 | 0,0 | 7 | 23,3 | 4 | 13,3 | 17 | 56,7 |
| 12 | 85 | 30 | 35,3 | 0 | 0,0 | 25 | 29,4 | 5 | 5,9 | 60 | 70,6 |
| 13 | 25 | 20 | 80,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 3 | 12,0 | 23 | 92,0 |
| 14 | 147 | 34 | 23,1 | 42 | 28,6 | 23 | 15,6 | 3 | 2,0 | 102 | 69,4 |
| 15 | 36 | 7 | 19,4 | 5 | 13,9 | 4 | 11,1 | 8 | 22,2 | 24 | 66,7 |
| **2012** | | | | | | | | | | | |
| 01 | 84 | 45 | 53,6 | 8 | 9,5 | 8 | 9,5 | 1 | 1,2 | 62 | 73,8 |
| 02 | 72 | 17 | 23,6 | 9 | 12,5 | 1 | 1,4 | 4 | 5,6 | 31 | 43,1 |
| 03 | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| 04 | 144 | 25 | 17,4 | 13 | 9,0 | 16 | 11,1 | 0 | 0,0 | 54 | 37,5 |
| 05 | 200 | 46 | 23,0 | 12 | 6,0 | 8 | 4,0 | 0 | 0,0 | 66 | 33,0 |
| 06 | 91 | 31 | 34,1 | 5 | 5,5 | 20 | 22,0 | 2 | 2,2 | 58 | 63,7 |
| 07 | 105 | 27 | 25,7 | 19 | 18,1 | 15 | 14,3 | 7 | 6,7 | 68 | 64,8 |
| 08 | 54 | 14 | 25,9 | 1 | 1,9 | 2 | 3,7 | 4 | 7,4 | 21 | 38,9 |
| 09 | 91 | 39 | 42,9 | 0 | 0,0 | 17 | 18,7 | 5 | 5,5 | 61 | 67,0 |
| 10 | 318 | 48 | 15,1 | 66 | 20,8 | 104 | 32,7 | 0 | 0,0 | 218 | 68,6 |
| 11 | 35 | 13 | 37,1 | 0 | 0,0 | 7 | 20,0 | 5 | 14,3 | 25 | 71,4 |
| 12 | 84 | 32 | 38,1 | 2 | 2,4 | 24 | 28,6 | 3 | 3,6 | 61 | 72,6 |
| 13 | 27 | 22 | 81,5 | 0 | 0,0 | 1 | 3,7 | 2 | 7,4 | 25 | 92,6 |
| 14 | 155 | 38 | 24,5 | 58 | 37,4 | 12 | 7,7 | 6 | 3,9 | 114 | 73,5 |
| 15 | 35 | 7 | 20,0 | 8 | 22,9 | 6 | 17,1 | 0 | 0,0 | 21 | 60,0 |

Hagtíðindi
Statistical Series

**Heilbrigðis-, félags- og dómsmál**
***Health, social affairs, justice***

99. árg. • 15. tbl.
2014:1

ISSN 0019–1078
ISSN 1670–4673 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670–4681 (rafræn útgáfa *PDF*)
Verð kr. *Price ISK* 900 • € 7
Umsjón *Supervision* Kristinn Karlsson • kristinn.karlsson@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000
Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099
© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland
Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*
www.hagstofa.is/hagtidindi *www.statice.is/series*